

NÁTTÚRULJÓÐ

Nemendur fara út í nærumhverfið og ímynda sér að þeir séu lífvera sem heldur til þar og skrifa síðan ljóð.

Markmið:

Að nemendur átti sig á því fjölbreytta lífríki sem er í þeirra nærumhverfi.

Tími: 1-2 kennslustundir

Aldur: 10 ára og eldri

Framkvæmd:

Nemendur fara út og ímynda sér að þeir séu önnur lífvera og skrifa síðan ljóð. Þau geta unnið verkefnið ein eða í hóp.

Farið er út og fundið notalegt svæði á skólalóðinni, í garði, fólkvangi eða annars staðar þar sem nýtur náttúrulegs umhverfis. Öll hugsa sér lífveru sem heldur til á svæðinu, hvort það sem er búsvæði hennar eða staður til fæðuöflunar.

Allir eiga að loka augunum í nokkrar mínútur og ímynda sér að þau séu lífveran í sínu eðlilega umhverfi. Hægt er að leiðbeina þeim með nokkrum orðum eða láta þau alveg ein um ímyndun sína.

Öll fá fimm mínútur til að finna stað og „verða“ lífveran. Þau ímynda sér hve gömul lífveran getur orðið og velta fyrir sér eiginleikum hennar. Ef um dýr er að ræða ímynda þau sér ferðir þess, fæðuöflun og hvernig plöntur og önnur dýr líta út í augum þess.

Þegar þessari ígrundun er lokið skrifa nemendur stutt ljóð um lífveruna sína. Ljóðin mega vera órímuð stef eða rímuð. Gaman getur verið að spreyta sig á mismunandi ljóðaformum.

Eins er hægt að yrkja hópljóð: Öll hugsa um eina lífveru. Hver og einn leggur til eitt orð. Einn eða fleiri nemendur, eða kennarinn, raða orðunum í ljóð á meðan hinir ræða hvernig það var að „vera“ þessi lífvera.

Tæki og tól: Blað eða bók til að skrifa í og skriffæri.